



Græja mánaðarins: Salewa Quick screw

Græjan sem Græjuhornið tekur nú til skoðunar kemur úr klifurheiminum og hentar þá sérstaklega fyrir vetrarklifur. Um er að ræða nýja hönnun á gömlum hlut, þ.e. ísskrúfunni. Til að byrja með langar mig að rekja þróun ísskrúfa frá þeim fyrstu sem byrjað var að nota og til dagsins í dag.

Fyrstu skrúfurnar, sérstaklega hannaðar sem ístryggingar, litu dagsins ljós í kringum 1955 og voru þá ekki ólíkar tréskrúfum. Gallinn við þær var að þær voru mjög grannar, þoldu ekki mikla þyngd og áttu það til að sprengja ísinn í kringum sig. Á svipuðum tíma komu fyrstu ísfleygarnir



Fyrstu gerðir af ísskrúfum og ísfleygum

fram. Þeir voru ýmist með einhvers konar skrúfgang eða göddum til að halda fleygnum í ísnum. Sama vandamál fylgdi fleygunum, þeir sprengdu ís mjög auðveldlega. Árið 1957 kom út sérstök gerð af ísfleyg frá Stubai, en þeir voru holir að innan. Þessi gerð af fleyg fékk ekki mikla athygli, þar sem að brúnn á honum var brýnd út á við og sprengdi ísinn því alveg eins og aðrar gerðir af ístryggingum. Það var svo 20 árum síðar sem Jeff Lowe hannaði ísfleyg sem gekk undir nafninu Snarg og svipaði hann mjög til Stubai fleygsins frá 1957 nema að nú var endinn á honum brýndur inn á við og því leitaði ísinn inn í rörið frekar en að sprengja ísinn út á við. Snarg var svo góð ístrygging að oft dugði


lítið annað til en að höggva ísinn í sundur til að ná þeim út.

Upp úr 1960 fóru ísskrúfur sem líkjast því sem við þekkjum í dag að koma á markað. Þær voru holar að innan og með utanálíggjandi skrúfgang. Þessar skrúfur höfðu þó ekki farið í gegn um jafn strangt hönnunarferli og þær skrúfur sem við þekkjum í dag. Hefðin var að sá sem að leiddi ísklifurspönn, settist í aðra af öxunum sínum, yfirleitt þá sem var með skaröxinni aftan á. Til að koma skrúfunni af stað, þurfti að snúa og lemja á endann á skrúfunni, með hinni öxinni, þeirri sem var með hamrinum á. Þegar skrúfan var svo komin nægilega langt inn, þá var öxin notuð sem vogarafl til að snúa hana eins langt inn og mögulegt var.



Snarg, hannað af Jeff Lowe

Eftir því sem árin liðu og skrúfurnar urðu betri fóru ísklifrarar að leggjast gegn því að það væri leyfilegt að setjast í miðju klifri, það væri eins og að sportklifrari settist í hvern tvist og hvíldi sig en teldi sig samt hafa farið leiðina! Nýi staðallinn var að setja fetilinn á exinni i olnbogabótina. Það leyfði klifrara að nota báðar hendur til að koma inn skrúfu, án þess að setjast í neinn búnað. Brátt urðu skrúfurnar nægilega góðar, til að koma inn með annari hendi.



Teikningar úr einkaleyfisumsókn Black diamond

Stærsta stökk sem hönnun á ísskrúfum hefur tekið var árið 2002 þegar að Black diamond sótti um einkaleyfi á skrúfum sem mjókka frá enda og að hausnum, til að minnka viðnám í gatinu sem myndast og svo hafði þessi skrúfa svokallaða "express" sveif, sem var innblásin af kaffikvörn. Síðan þessar skrúfur komu á markað, fyrir um 15 árum, hefur svo til ekkert breyst í hönnun á ísskrúfum. Allir ísskrúfuframleiðendur hafa verið að gera það sama og Black Diamond gerði fyrir 15 árum síðan, Black Diamond þar með talið, svo til engar nýjungar.

Salewa setti nokkuð nýlega á markað nýja línu af ísskrúfum, Salewa Quick screw, sem uppfyllir klárlega kröfur Græjuhornsins og þörf ísklifurheimsins um framþróun á ísskrúfum. Skrúfan er með marga þætti sem eru á einhvern hátt frábrugðnir samkeppnisaðilum. Listum niður kosti og galla Salewa Quick screw



Kostir

1. Þægilegar að setja inn! Aðalatriðið sem klifrarar þurfa að vita þegar þeir kaupa skrúfur er hversu auðvelt eða þægilegt er að setja skrúfuna inn. Í tilfelli Quick screw, þá er það mjög þægilegt og smurt, nánast eins og að skrúfa í smjör og undirritaður er búinn að prófa að skrúfa í als konar gerðir af ís, mjúkan, stökkan, og glerharðan jökulís. Það er hins vegar ákveðin tækni sem þarf til að skrúfa hana inn, sem er ekki alveg augljós í upphafi en þegar öllu er á botninn hvolft, þá er ekkert "trivial" að setja hefðbundna ísskrúfu inn í leiðslu.
2. Áfastur slingur með karabínu! Sparar þér að taka með tvista og sparar þar með þyngd sem samsvarar einni karabínu fyrir hverja skrúfu. Auk þess gæti þetta útrýmt ice-clipper karabínunum, sem síðustu ár hafa verið mikil nauðsyn í ísklifri. Þetta er samt sem áður ekki ný hugmynd. Til eru svipaðar útfærslur á þessu frá Climbing technology, Grivel og fleirum. Það sem Quick screw hefur fram yfir á þessu sviði er hönnunin. Slingurinn helst lóðréttur, undirritaður lendi aldrei í því að slingurinn snerist í hringi með skrúfunni.

3. Innbyggð hlíf fyrir odda og gengjur! Þessi hönnun er meiri snilld en hún lítur út fyrir að vera í fyrstu. Skrúfan hangir á hvolfi á beltinu þínu og og rakkast þar með mjög vel á belti bæði hvorar við aðra og við annan búnað. Þessi hlíf eyðir líka þörfinni á að vera með sér poka fyrir skrúfurnar, sem er svo bara fyrir ofan í bakpoka þegar að skrúfurnar eru komnar upp og á beltið. Eins og flestir klifrarar kannast við er auðvelt að gata fatnað, buxur og annað, við ísklifur. Þetta er í sjálfu sér ekki sársaukafullt, bara pirrandi og nú gæti sá hluti ísklifurs verið úr sögunni.
4. Einangraður haus er góður eiginleiki til að hafa, kemur ekki mikið við sögu í hefðbundnu vetrarísklifri, sem er yfirleitt í skugga, eða skýjuðum aðstæðum en gæti komið sér mjög vel á skriðjöklum yfir sumartímann.
5. Skrúfast inn á mjög þrönga staði, þarf lítið að hafa fyrir því að hreinsa svæði í kring um skrúfuna. Það er nánast hægt að skrúfa þessa skrúfu inn hvar sem er, radíusinn á snúningnum er lítill og sveifin liggur ekki alveg upp við ísinn, allt sem þú þarf eru 4cm^2 af flötu svæði til að setja skrúfuna á.

Gallar

1. Erfitt að ná ískjarna úr skrúfunni. Það er samspil af tveimur þáttum að mér sýnist, annars vegar gæti verið að skrúfan sé með nokkuð þröngu gati, hitt er hausinn. Eins og sést á mynd hér að ofan eru ísskrúfur ekki fullkomlega beinar, því er ekki gott að ná ís úr skrúfu með því að setja oddhvassa hlutann upp í sig, auk augljósu ástæðunnar að maður ætti að forðast það. Hausinn á skrúfunni er ekki vel hannaður til að auðvelt sé að setja munnninn á hann og blása í skrúfuna, varir eiga erfitt með að ná loftþéttri tengingu á endann.
2. Möguleiki á að skipta út sling. Augljóst er að nylon endist ekki jafn lengi og ryðfrítt stál og því gæti verið að einhverjir vilji eftir um það bil sjö ára notkun ekki nota slinginn lengur eða ef áfasta plast hlífir brotnar. Í þeim tilfellum er minnsta málið að renna slingnum af skrúfunni, en eins og er, þá er ekki hægt að kaupa stakan sling með plasthlíf til að skipta út. Fyrst að það er auðvelt að taka slinginn af, þá vekur það furðu að ekki sé hægt að kaupa þetta stykki stakt, vonandi lagar Salewa það í náinni framtíð.

3. Vantar stað til að klippa inn. Fyrst að hausinn er úr plasti þá er ekki hægt að hafa auga þar eins og eru á nánast öllum skrúfum sem eru seldar í dag. Það er mikilvægt að hafa aðgengilegan stað til að klippa læstri karabínu inn á. Salewa bendir á að hægt er að klippa inn á sömu lykkju og karabínan sem fylgir með er í. Það er hins vegar ekki þægilegt að klippa þar inn ef að það er þyngd á skrúfunni og ef að sá punktur er mikið notaður, þá á gúmmístykkið sem heldur karabínunni eftir að slitna. Best væri ef að það væri sér lykkja einhvers staðar á slingnum sem hægt væri að klippa inn í.
4. Erfitt að smella skrúfunni aftur saman með einni hendi. Eins og áður kom fram er þægilegt að opna skrúfuna með einni hendi til að koma henni inn. En það er meira vesen að smella henni aftur saman með einni hendi ef þú ert að elta upp og þarft að taka skrúfurnar út úr veggnum. Það er engin augljós góð lausn á því, þetta er sennilega bara tilfelli af því að æfingin skapar meistarann.
5. Litakóðun. Kannski lítð atriði en Petzl, Black diamond og E-climb eru með sömu liti fyrir sömu eða svipaðar lengdir af skrúfum. Til dæmis eru 10cm ísskrúfur alltaf rauðar, en hjá Salewa eru rauðu skrúfurnar 19cm. Þetta bætir óþarfa flækjustigi við búnaðinn manns, því flestir klifrarar eru ekki með eina típu af skrúfum, þeir eru með einhvers konar blöndu.
6. Loka sveifinni þegar skrúfan er inni í veggnum. Sögur hafa gengið um að einhverjum ísklifurum hafi tekist að detta og krækjast fastir á sveifum á ísskrúfum sem hefur gleymst að loka. Snögg leit á veraldarvefnum vekur hins vegar grunsemdir um að slíkt hafi gerst í alvörunni en góð saga þarf ekki að gjalda sannleikans. Það er hinsvegar þekkt vandamál að línur eiga möguleika á að flækjast í sveifum á ísskrúfum. Ég hef lagt það í vana minn að loka alltaf ísskrúfum sem ég set inn, auk þess að benda klifurfélögum mínum á ef þeir gleyma því. Það truflar mig þess vegna aðeins að það er ekki hægt að skrúfa skrúfuna alveg inn og loka sveifinni á sama tíma.
7. Mikið af plasti. Á sama tíma og það að skipta stáli út fyrir plast léttir skrúfuna, sem getur munað slatta þegar það er tekið saman, þá er eðlilegt að spyrja sig hver er endingin á plast pörtum skrúfunar. Þetta er spurning sem undirritaður hefur ekki svar við, það eina sem hægt er að segja er að þrátt fyrir allt þá líta plasthlutirnir út fyrir að vera vel hannaðir og gætu mögulega þolað ýmislegt álag. Eina leiðin til að svara

Þessu er að láta eitthvert jöklaleiðsögufyrirtæki prófa að fara út með þessar skrúfur á hverjum degi í heilt sumar og sjá hvað það tekur marga daga fyrir eitthvað að klikka í grófri daglegri notkun.


Niðurstaða

Er þetta hin fullkomna ísskrúfa? Nei, það er hún ekki. Er einhver ísskrúfa fullkomin? Nei, hin fullkomna ísskrúfa er ekki til á þessum tímapunkti. Þrátt fyrir að þetta sé ekki fullkomin skrúfa, þá er hún mjög áhuga-verð og Salewa þarf ekki að breyta miklu til þess að gallar númer 1, 2, 3, 5 og 6 verði annað hvort úr sögunni eða verði að kostum. Ef á heildina er litið, þá er þetta frábær ísskrúfa og á fullt erindi á topplista bestu ísskrúfa. Er þetta það besta sem er til? Það væru mjög stór orð og ég held að þann stimpil sé enn ekki hægt að setja á neina skrúfu. Ég myndi segja að Salewa Quick screw sé á topp 3-4 listanum og sé einn af þessum hlutum sem klifursamfélagið á eftir að uppgötva og taka í sátt á næstu árum. Nú er bara að krossleggja finger og vona að Salewa bæti þau smáatriði sem betur mega fara í hönnun skrúfunnar!



Mynd eftir Björgvin Hilmarsson. Greinarhöfundur að gera sitt besta til að komast í ís þennan veturinn.

Einkunn



(af 5)

Jónas G. Sigurðsson

Myndir











Heimildir

<http://www.alpinist.com/tcl/email/August10/page1.html>

<https://www.google.com/patents/WO2010020791A1?cl=en>

<https://www.google.ch/patents/US6505799>